

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 205/2015

2017/EES/19/09

frá 25. september 2015

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/399 frá 25. febrúar 2015 um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir 1,4-dímetýlnaftalín, benfúrakarb, karbófúran, karbósúlfan, etefón, fenamídón, fenvalerat, fenhexamíð, fúrapíókarb, imasapýr, malaþíón, pikoxýstróbín, spirótetramat, tepraloxýdíum og trifloxýstróbín í eða á tilteknum afurðum ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/400 frá 25. febrúar 2015 um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir beinaolíu, kolsýring, sýpródíníl, dódemorf, ípródíón, metaldehyð, metasaklór, paraffínolíu (CAS 64742-54-7), jarðolíur (CAS 92062-35-6) og própargít í eða á tilteknum vörum ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/552 frá 7. apríl 2015 um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir 1,3-díklórprópen, bifenox, dímetenamíð-P, próhexadíón, tólýlflúaníð og triflúralín í eða á tilteknum afurðum ⁽³⁾, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stj. 94, 10.4.2015, bls. 8.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um föður og matvæli. Ákvæði löggjafar um föður og matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 5) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í 40. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32015 R 0399**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/399 frá 25. febrúar 2015 (Stj. 71, 14.3.2015, bls. 1),
- **32015 R 0400**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/400 frá 25. febrúar 2015 (Stj. 71, 14.3.2015, bls. 56),

⁽¹⁾ Stj. 71, 14.3.2015, bls. 1.

⁽²⁾ Stj. 71, 14.3.2015, bls. 56.

⁽³⁾ Stj. 92, 8.4.2015, bls. 20.

- **32015 R 0552**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/552 frá 7. apríl 2015 (Stjtið. ESB L 92, 8.4.2015, bls. 20), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 94, 10.4.2015, bls. 8.“

2. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 54zzy (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32015 R 0399**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/399 frá 25. febrúar 2015 (Stjtið. ESB L 71, 14.3.2015, bls. 1),
- **32015 R 0400**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/400 frá 25. febrúar 2015 (Stjtið. ESB L 71, 14.3.2015, bls. 56),
- **32015 R 0552**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/552 frá 7. apríl 2015 (Stjtið. ESB L 92, 8.4.2015, bls. 20), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 94, 10.4.2015, bls. 8.“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) 2015/399, (ESB) 2015/400 og (ESB) 2015/552, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 94, 10.4.2015, bls. 8, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. september 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. september 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ingrid Schulerud

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.